

# FUNDARGERÐ



Aðalfundar HEF veitna ehf. árið 2024 haldinn á Hótel Héraði  
föstudaginn 8. mars 2024 kl. 16.30. Raðnúmer fundar: 336

## Dagskrá

- Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
- Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2023, ásamt skýrslu endurskoðanda félagsins til samþykktar
- Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps
- Laun stjórnarmanna og þóknun endurskoðanda
- Breytingar á samþykktum
- Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi
- Önnur mál

Mætt eru:

	Hlutverk	Atkvæðavægi
<b>Stjórn félagsins og varastjórn:</b>		
Ágústa Björnsdóttir	formaður stjórnar	
Vilhjálmur Jónsson (B)	varaformaður	1/11
Ívar Karl Hafliðason (D)	ritari	1/11
Hildur Þórisdóttir (L)	meðstjórnandi	1/11
Helgi Hlynur Ásgrímsson (V)	meðstjórnandi	1/11
Eyþór Stefánsson (L)	varamaður	1/11
Eiður Gísli Guðmundsson (B)	varamaður	
<b>Sveitarstjórnarfulltrúar:</b>		
Sigurður Gunnarsson (D)		1/11
Björg Eyþórsdóttir (B)		1/11
Jónína Brynjólfssdóttir (B)		1/11
Þróstur Jónsson (M)		1/11
Ásrún Mjöll Stefánsdóttir (V)		1/11
Guðný Lára Guðrúnardóttir (D)		1/11
<b>Starfsfólk og embættismenn:</b>		
Aðalsteinn Þórhallsson	framkvæmdastjóri	
Nigar Khaligova		
Fjóla Sigurðardóttir		
Stefán Númi Stefánsson		
Glúmur Björnsson		
Haddur Áslaugsson		
Þorsteinn B. Ragnarsson		
Finnur Þorsteinsson		
Magnús Jónsson, endurskoðandi		
Jón Jónsson, hrl.	fundarstjóri	
Hugrún Hjálmarsdóttir	Umhverfis- og framkvæmdamálastj. Múlaþings	

Atkvæðabærir fulltrúar eiganda, Múlaþings, á fundinum eru 11 talsins og er vægi hvers þeirra 1/11

Ágústa Björnsdóttir, formaður stjórnar, setti fund kl. 16:30. Hún lagði til að Jón Jónsson lögmaður stýrði fundi og Ívar Karl Hafliðason ritaði fundargerð. Ekki var hreyft andmælum við tillögu formanns og tók Jón við stjórn fundarins.

Fundarstjóri ávarpaði fundinn og gekk úr skugga um lögmæti hans og gerði enginn athugasemdir við lögmæti hans. Fundarstjóri lagði fram bókun af 108. fundi Byggðaráðs Múlaþings, dags. 27. febrúar 2024 sem hljóðar svo:

*„Byggðaráð samþykkir að fulltrúar í sveitarstjórn fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum og skiptist það jafnt á þá sem mæta til fundar. Sé fulltrúi í sveitarstjórn forfallaður er viðkomandi heimilt að kalla til varafulltrúa í sinn stað, sem fer þá með atkvæði viðkomandi.“* Atkvæðabærir eru tilgreindir frammar.

## Gengið var til dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.

14 stjórnarfundir og 1 hluthafafundur voru haldnir á árinu 2023.

12 stjórnarfundir voru haldnir milli aðalfunda 2023 og 2024.

Í setningarræðu sinni fór Ágústa Björnsdóttir, formaður stjórnar félagsins, yfir það helsta sem stjórn fékkst við á liðnu ári og þau verkefni sem fram undan eru:

Frá viðtöku vatns- og fráveitu á Borgarfirði eystri, Seyðisfirði og Djúpavogi við sameiningu við sameiningu í Múlaþing hafa ýmis mál komið upp, eins og gengur. Unnið hefur verið að undirbyggingu gæðamála og -ferla. Félagið hélt að sér höndum í mannaáðningum þar til fyrir um ári síðan þegar jarðfræðingur var ráðinn til félagsins til að vinna að jarðhitaleit, vatnsöflun og gæðamálum. Orkuverfræðingur var svo ráðinn undir lok ársins og hóf hún störf í janúar síðastliðnum. Helstu verkefni hennar verða skoðun fýsileika þess að félagið yfirtaki fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar og snjallmælavæðing hitaveitu. Framkvæmdastjóri mun fara nánar yfir verkefni og verkaskiptingu starfsmanna félagsins, sem nú eru 12 talsins, þar af er einn í fæðingarorlofi.

Starfsmönnum höfum við fjölgað, enda aukning á verkefnum eftir sameiningu sveitarfélaganna fyrir liggur að enn þurfi að bæta í hóp þeirra sem sinna „útiverkum“; iðnaðarmönnum og verkamönnum.

Langtímasamningar um hreinsivirki fráveitu á Egilsstöðum og Hallormsstað byrjuðu að renna út á liðnu hausti og hafa verið framlengdir. Hreinsivirkjum á Egilsstöðum og Fellabæ verður lokað í framhaldi af því að ný miðlæg hreinsistöð á Melshorni verður tekin í notkun. Ýmsar hindranir hafa verið í undirbúningsferli byggingar hreinsistöðvarinnar s.s. skipulagsgerð sem alltaf virðist taka lengri tíma en ætlað er. Helst er þó að nefna óvissu um auknar kröfur stjórnvalda til hreinsunar fráveitu, sem hefur mikið um það að segja hvernig og í hvaða áföngum ný hreinsistöð verður byggð.

Á Djúpavogi verður ný útrás lögð utan Langatanga og dælulögn frá Voginum framan við Hótel Framtíð að hreinsistöð á Langatanga. Framkvæmdagögn eru fyrirbyggjandi og munu framkvæmdir hefjast í sumar.

Á Djúpavogi er, þessa dagana, verið að bora tilraunavinnsluholu eftir heitu vatni. Vonast vísindamenn til að finna rúmlega 70°C heitt vatn í nægu magni fyrir byggðina á Djúpavogi. Bygging dreifikerfis í bænum verður mikil áskorun vegna erfiðra jarðvegsaðstæðna í bænum. Víða er grunnt á klöpp, sem gerir alla lagnavinnu dýra. Vonandi fær samfélagið á Djúpavogi notið þeirra lífsgæða sem jarðhitinn veitir.

Hitaveita var lögð í Eiða seinni hluta ársins. Trefjastyrkt, foreinangruð plastlögn var lögð frá Votahvammi á Egilsstöðum í Eiða og reyndar alla leið í sumarhúsabyggð BSRB í Stóra Haga skammt norðan Alþýðuskólans. Framkvæmdin gekk vel, traustir heimaverktakar unnu verkið og stóðu sig með miklum sóma. Fyrsta skóflustunga verksins var tekin á hlaðinu í Mýnesi um miðjan júlí og var stofnlögnin komin alla leið að Alþýðuskólanum fyrir lok nóvember. Þetta trúum við að sé Íslandsmet í vinnsluhraða lagningar hitaveitu; 13,5km lagðir á innan við 5 mánuðum. Lykillinn að þessu er plaströrið sem framleiðandi afhenti í 150-170m löngum rúllum og samskeytafjöldi 1/10 af hefðbundinni stállögn.

Viðræður eru í gangi við landeigendur Breiðavaðs og Mýness II um frekari jarðhitaleit á jörðunum. Rannsóknir hafa staðsett mesta hita á jörðunum við bakka Lagarfljóts. Vonast er til að forsendur til frekari framkvæmda af hálfu HEF á svæðinu skapist á næstu misserum.

Jarðhitavinnslan við Urriðavatn er undir reglulegu eftirliti vísindamanna, sem hafa áætlað að svæðið muni áfram afkasta nægu magni og hitastigi amk. næstu 20-30 árin. Í stóra samhenginu er sá tími ekki langur og því mikilvægt fyrir framtíðina við höfum ráðið jarðfræðing sem ætlað er að stýra viðhaldi og uppbyggingu jarðhitavinnslunnar hjá okkur.

Félagið vonast til þess að ekki þurfi að koma til verðhækkana til að sporna við sóun á heita vatninu. Þar eru heitir pottar við heimili oft og tíðum sökudólgar og snarpheitar snjóbræðslur einnig. Þá er mikilvægt að notendur hugi að því að nýta allan varmann í vatninu áður en hitakerfi sleppa vatninu út Rétt stilling orkukerfa heimila hefur mikil áhrif á skynsamlega nýtingu og minnkar sóun.

Stöðugt þarf að skoða ný tækifæri í nýtingu heita vatnsins í þágu samfélagsins, uppbyggingu fyrirtækja og til hagsbóta fyrir sveitarfélagið.

Vatnsveitur í Múlapingi eru í mis góðu ástandi. Á árinu kom upp tilfelli gerlasmits í vatnsveitunni á Borgarfirði og nú nýlega einnig í vatnsveitu Seyðisfjarðar. Eftirlit og sýnataka heilbrigðiseftirlitsins (HAUST) leiddi þetta í ljós, en líkur eru á að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist, en nú fyrst eftir að HEF yfirtók veiturnar í kjölfar sameiningar í Múlaping. Gæðateymi HEF hefur verið virkjað vegna þessara atvika og er nú langt komin vinna við uppfærslu gæðafærla í vatnsveitna HEF. Sjálfvirkri vöktun stýringa og búnaðar hefur verið komið upp á Djúpavogi og í vinnslu er sambærileg útfærsla á Seyðisfirði og Borgarfirði.

Vatnsgæði á Djúpavogi hafa ekki verið nógu góð og stefnt að því bora eftir köldu vatni í aurkeilu Búlandsár í Berufirði á allra næstu mánuðum. Það verður ærið verkefni, en þó umfangsminna og öruggara en núverandi vatnsöflun í Búlandsdal.

Mikilvægt er að veitan fái notið krafta starfsfólks þjónustumiðstöðva Múlapingis, ekki síst þegar veður hamlar för milli byggðarlaga. Veitan hefur frá sameiningu átt í samskiptum og samstarfi með afmörkuð verkefni. Umfang verkefna veitunnar á Borgarfirði, Seyðisfirði og Djúpavogi stendur ekki undir starfsmanni og aðkoma þjónustumiðstöðva að starfsemi veitunnar því mikilvæg.

Málshöfðun Páls Breiðfjörð gegn félaginu er mér ekki ljúft að fjalla um, en skylt. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Austurlands þann 24. janúar 2023. Dómur var kveðin upp þann 26. Júlí 2023 og var félagið dæmt til að greiða málskostnað 900 þúsund og Páli tæplega eina milljón króna. Páll hefur áfrýjað málinu til Landsréttar og er þess beðið að málið verði tekið fyrir þar.

Meðstjórnendum mínum færi ég þakkar fyrir þeirra góðu störf og góð samskipti. Mikil samstaða ríkir í stjórninni og það ber að þakka.

Framkvæmdarstjóra og öðrum starfsmönnum vil ég þakka fyrir vel unnin störf og góð samskipti svo og endurskoðanda og lögfræðingi félagsins.

Bæjarstjórn og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samstarfið og góð samskipti. Í mínum huga er grundvallar atriði að öflugt og gott samstarf sé milli HEF veitna og sveitarfélagsins, en þó þurfum við að hafa skýra mynd að hlutverki HEF veitna og þeim málaflokkum sem undir veituna heyra.

Ágústa vísaði til Ársskýrslu 2023 að öðru leyti.

Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri, kynnti Ársskýrslu 2023 sem afhent hefur verið fundarmönnum. Skýrslan er gefin út á prenti og verður birt á heimasíðu félagsins. Þá kynnti hann starfsemina og í stórum dráttum verkefni sem unnin voru á árinu og þau sem framundan eru. Starfsmenn félagsins, þeir Glúmur og Þorsteinn gerðu grein fyrir helstu verkefnum sem þeir hafa verið að sinna og eru í farvatninu; Jarðhitaleit á Búlandsnesi og hitaveitulögn í Eiða.

Samkvæmt tillögu fundarstjóra eru umræður um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra teknar með umræðum um lið 2; Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2023.

## 2. Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2023, ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar

Lagður var fram rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2023, ásamt skýrslu endurskoðanda félagsins til samþykktar. Magnús Jónsson endurskoðandi fór yfir ársreikning HEF fyrir árið 2023 og endurskoðunarreglur. Hvað varðar nánari niðurstöður reikningsins er vísað í ársreikning HEF 2023.

Helstu tölur úr ársreikningi	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	759.690	674.031	641.211	489.682
Rekstrargjöld	286.571	237.145	233.602	187.233
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITA)	473.119	436.886	407.609	302.449
Afskriftir	117.307	111.392	106.844	102.090
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsli	355.812	325.493	300.765	200.359
Hrein fjármagnsútgjöld	54.354	55.572	26.214	67.675
Hagnaður fyrir tekjuskatt	301.459	269.921	274.551	132.684
Hagnaður ársins	284.119	252.423	250.939	121.306
Eigið fé	2.005.917	1.721.798	1.469.374	1.069.348
Eigið fé og skuldir samtals	3.142.181	2.796.022	2.630.557	2.421.951
Langtímaskuldir	834.320	836.254	916.245	1.151.373
Eiginfjárhlutfall	63,8%	61,6%	55,9%	44,2%

Ársreikningurinn var borinn undir atkvæði og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum, 11/11.

### 3. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps

Ráðstöfun hagnaðar. Svohljóðandi tillaga lögð fram:

Stjórnin leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023, en vísar til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum 11/11.

Fundarstjóri gaf orðið laust um liði 1, 2 og 3.

Enginn tók til máls undir þessum liðum.

### 4. Laun stjórnarmanna og þóknun endurskoðanda

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að stjórnarlaun og þóknun fyrir fundarsetu verði óbreytt hvað varðar viðmið sem er 120. launaflokkur 1. þrep í launatöflu Samflots bæjarstarfsmannafélaga (FOSA) sem samþykkt var á aðalfundi HEF ehf. 09.03.2007. Laun taki mið af breytingum á launafloknum. Greiðslur eru eftirfarandi:

Formaður stjórnar 50% af lfl.	kr. 221.700
Stjórnarmaður 24% af lfl.	kr. 106.400
Frádráttur vegna fundar sem ekki er setinn, 6% af lfl.	kr. (-)26.600
Varamaður fyrir setinn fund, 12% af lfl.	kr. 53.200
Fundarritari fyrir ritun 4% af lfl.	kr. 17.800

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum 11/11.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að þóknun endurskoðanda verði greidd skv. reikningi.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum 11/11

### 5. Breytingar á samþykktum

Engar tillögur liggja fyrir fundinum fyrir fundinn.

### 6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi

Jónína Brynjólfsdóttir forseti sveitarstjórnar, bar upp tillögu að aðalstjórn félagsins verði óbreytt:

Aðalmenn: *Ágústa Björnsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Ívar Karl Hafliðason, Hildur Þórisdóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson.*

Tillagan samþykkt með 10 greiddum atkvæðum. Þröstur Jónsson situr hjá.

Þá bar Jónína upp tillögu að varastjórn félagsins:

Varamenn: *Eiður Gísli Guðmundsson, Elvar Snær Kristjánsson, Eyþór Stefánsson, Helgi Ómar Bragason og Sylvía Ösp Jónsdóttir.*

Tillagan samþykkt með 10 greiddum atkvæðum. Þröstur Jónsson situr hjá.

Framborin tillaga um að fyrirtækið KPMG hf. og Magnús Jónsson verði kjörinn endurskoðandi félagsins.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 7. Önnur mál

- a) Aðalsteinn fór yfir stöðu mála varðandi fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar og áskoranir og tækifæri.
- b) Haddur kynnti nýja heimssíðu HEF veitna [www.hef.is](http://www.hef.is)
- c) Jónína kom upp og þakkaði fyrir fundinn og góðar framsögur. Ræðir framtíð HEF veitna og tækifæri og vaxtaverki. Fagnar þeirri vinnu sem farin er af stað í gæðamálum og nauðsyn þess að Múlaþing og HEF veitur gangi í takt.
- d) Hugrún þakkar fyrir sitt fyrsta boð á aðalfund HEF veitna. Fór yfir verkefnaskiptingu milli sveitafélagsins og HEF veitna og vill velja því upp hvort HEF veitur taki yfir gatnalýsingu sem sveitafélagið fékk í fangið frá Rarik. Fór yfir samstarf þjónustumiðstöðva og veitunnar.
- e) Ívar Karl fór yfir framvindu byggingarnefndar hreinsistöðvar við Melshorn og stefnu varðandi að áfangaskipta framkvæmdarinni.
- f) Eyþór spyr út í af hverju hluti launa sé eignfærður og þróun í launakostnaðar og aðkeypti þjónustu. Magnús, Aðalsteinn og Ágústa voru til svara.
- g) Þorsteinn tók til máls og vildi koma á þakklæti til þeirra sem unnu að Eiðaveitunni enda gekk verkið mjög vel aðeins tæpir fimm mánuðir liðu frá upphafi til loka framkvæmda.
- h) Helgi Hlynur tók til máls og ræddi starfsmannamál og sagði mikilvægt að hafa vel menntað, hæft starfsfólk og passa uppá að sú þekking sem verður til í rekstri veitunnar varðveitist.
- i) Hildur spurði út í kostnað vegna endurskoðunar og fagnar ráðningu starfsmanna. Aðalsteinn, Magnús og Ágústa svöruðu spurningu um kostnað.
- j) Þröstur spyr út í afskriftir á eignfærðum launum. Magnús svarar.

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og gaf formanni orðið.

Ágústa Björnsdóttir þakkaði fyrir góðan aðalfund og þakkaði umræður í lok fundarins og bauð Hugrúnu að koma á fund HEF veitna og ræða sameiginleg mál.

Þá bauð hún fundarmönnum til kvöldverðar og sleit fundi kl. 19:15.

Fundargerðin er árituð með rafrænum skilríkum af fundarstjóra, fundarritara og framkvæmdastjóra.